



Sveitarfélagið Árborg
b/t Bæjarstjórnar Árborgar
Helgi S. Haraldsson
Helgi.haraldsson@arborg.is

Borg, 27. janúar 2021.

Efni: Erindi til sveitarfélagsins Árborgar um sameiginlega vatnsöflun.

Grímsnes- og Grafningshreppur er að leita leiða til að tryggja íbúum, fyrirtækjum og frístundahúsaeygendum aðgengi að vatnsveitu sveitarfélagsins. Nú þegar er í gangi vinna við að kostnaðargreina vatnsveitu frá Fljótsbotnum með uppsveitum Árnassýslu og Flóahrepp. Sveitarfélagið hefur þó einnig áhuga á því að skoða fleiri kosti til samanburðar.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 20. janúar síðast liðinn voru ræddir kostir um vatnsöflun í sveitarfélaginu og mögulegt samstarf við Sveitarfélagið Árborg um sameiginlega vatnsöflun.

Tilgangur þessa erindis er því að kanna áhuga Árborgar á að taka þátt í þessari athugun með það í huga veitan gæti nýst Árborg til frambúðar. Um er að ræða langtímaverkefni til að tryggja sveitarfélögunum og íbúum þess öruggt neysluvatn til frambúðar.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar
ODDVITI



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS

Ása Valdís Árnadóttir

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti